



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskóladeild Ártúnsskóla

Starfsáætlun 2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Árangur – Virðing - Vellíðan	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat Háholts veturinn 2019-2020	5
3 Innra mat Lágholt veturinn 2019-2020	7
4 Innra mat Árholt veturinn 2019-2020	8
5 Ytra mat	10
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	11
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	11
8 Foreldrasamvinna.....	11
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	12
10 Fylgigögn.....	12
10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	12
10.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	12
10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	12
10.4 Fylgiskjal 4 – Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2018-2019.....	12
10.5 leikskóladagatal leikskóladeildar Ártúnsskóla	12



Leiðarljós leikskólans: **Árangur – Virðing - Velliðan**

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2018 fór ágætlega af stað, við gátum þó ekki gefið nýjum börnum dagsetningu fyrir aðlögun þar sem að við höfum átt í mönnunarvanda. Við vorum meira og minna allan veturinn að ráða starfsfólk því oft á tíðum var um ungt fólk að ræða sem réði sig í stuttan tíma. Þar af leiðandi tókum við börn seint inn í leikskólann og vorum í aðlögun langt fram að jólum.

*Haustið 2018 innleiddum við vinnu með verkefnið „Vinátta „ sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum, fyrstu bekkjum grunnskóla og dagforeldrum. Í Vinátta er lögð er áhersla á að fyrirbyggja einelti með því að efla samskiptahæfni og tilfinningaþroska barna. Efnið er danskt að uppruna og heitir *Fri for mobberi* á dönsku. Blær bangsi er táknmynd Vinátta – Blær er börnunum stuðningur, huggar og hughreystir. Eldri deildirnar tvær hafa unnið með verkefnið þetta skólaár, og hefur það gefist mjög vel. Stefnt er að því að innleiða efnið yngstu deildinni við þar sem að efni ætlað þeirra aldri er nú fáanlegt.*

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og nógildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar

Grunngildi Ártúnsskóla Árangur – Virðing – Velliðan og áherslur skólastarfsins á heilsuefningu, umhverfismennt og skóla margbreytileikans er í góðu samræmi við nýja menntastefnu Reykjavíkur. Til fjölda ára hafa verið lífsleikni þemu sem leggja m.a. áherslu á félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði bæði andlega og líkamlega. Vináttuverkefnið Blær styður við félagsfærni, sjálfsefningu og andlegt heilbrigði barnanna. Til að efla læsi erum við að byrja að vinna með Lubba námsefnið og stefnum að því að hafa námskeið nú á haustdögum fyrir alla starfsmenn leikskólans. Skólaárið 2019 –



2020 er unnið að þróunarverkefni um teymiskennslu með styrk úr þróunarsjóði A hluta. Í upphafi skólaársins fengum við til okkar sérfræðingur frá Háskóla Íslands sem kynnti fræðin og kosti og galla teymisvinnu, sem við erum að vinna með í framhaldinu. Einnig fengum við fyrirlestur og fræðslu um jákvæð samskipti. Á árinu verður áfram unnið formlega með þróun teymisvinnu og aukins samstarfs.

Á leikskóladeildinni hafa verið færri börn en stýringin segir til um vegna þess að eldri börnum hefur fækkað á biðlistanum. Starfsfólk finnur mikinn mun á því hafa færri börn í húsi og vegna þessa hafa börnin meira rými og það stuðlar að bættri hljóðvist.

Rannveig Andrésdóttir skólastjóri

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri



2 Innra mat Háholts veturinn 2019-2020

Starfið á Háholti gekk almennt vel síðastliðinn vetur þar sem mikil áhersla var lögð á sjálfsefingu og samkennd. Börnin tóku virkan þátt í starfinu og höfðu mikið um það að segja hvað var gert innan dagsskipulagsins. Við unnum mikið í síbreytilegum litlum hópum sem skilaði sér í meiri samkennd og samvinnu meðal barnanna.

Dagsskipulag: Í heildina gekk dagsskipulagið vel.

- **Styrkleikar:** Börnin hafa mikið um það að segja hvað er gert yfir daginn t.d í samverustundunum, vali og frjálsa leiknum.
- **Tækifæri til úrbóta:** Að börnin séu þátttakendur í að meta samverustundir.

Listasmiðja: Í heildina gekk starfið í listasmiðjunni vel.

- **Styrkleikar:** Börnin fengu frjálsar hendur með úrvinnslu á sínum verkefnum.
- **Tækifæri til úrbóta:** Að börnin fá enn frjálsari hendur með sína sköpun.

Virk þátttaka elstu barnanna í ákvarðanatöku í skipulögðu starfi:

- **Tækifæri til úrbóta:** Að börnin taki meiri þátt í ákvörðunum um skipulagningu starfsins.

Umbótaþættir Háholt	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að börnin séu þátttakendur í að meta samverustundir	Að börnin hafi meiri áhrif á umhverfi sitt og nám	Að börnin merki við á matsblaði sína upplifun af samverustundum	Janúar 2020/ Mars 2020	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Könnun 1x í viku lögð fyrir börnin	Að við sjáum hvernig börnin upplifa þessar stundir



<p>Að börnin fá frjálssari hendur í sköpunarvinnu sinni</p>	<p>Að sköpunargáfa barnanna fá að njóta sín</p>	<p>Að hvert barn fá meiri tíma og næði til sköpunar og fá að nota þann efnivið sem það vill.</p>	<p>Janúar 2020/ Maí 2020</p>	<p>Deildarstjóri og aðrir starfsmenn</p>	<p>Skráning í deildarbók og umræður á deildarfundum</p>	<p>Að hvert barn fá að þróa sína hugmynd með frjálssan efnivið</p>
<p>Að börnin taki meiri þátt í ákvörðunum um skipulagningu starfsins</p>	<p>Að börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á hvað við gerum í leikskólanum</p>	<p>Barnafundir þar sem börnin koma með hugmyndir að því sem þau vilja gjarnan gera í leikskólanum og það verður reynt að framkvæma það sem hægt er.</p>	<p>Janúar 2020/ Maí 2020</p>	<p>Deildarstjóri og aðrir starfsmenn</p>	<p>Við skráum hugmyndir barnanna í deildarbók</p>	<p>Að við höfum framkvæmt allavega eitthvað tvennt sem börnin vildu</p>



3 Innra mat Lágholt veturinn 2019-2020

Deildarstjóri Lágholts var í veikindaleyfi stóran part vetrarins og því náðist ekki að meta starfið þar.

Nýr deildarstjóri tók við deildinni í september 2019 og vildi hún setja inn einn umbótaþátt.

Umbótaþættir Lágholt	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að börnin fái frjálssari hendur í sköpunarvinnu sinni	Að sköpunargáfa barnanna fái að njóta sín	Að hvert barn fái meiri tíma og næði til sköpunar og fái að nota þann efnivið sem það vill.	Janúar 2020/ Maí 2020	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Við skráum hugmyndir barnanna í deildarbók	Að hvert barn fái að þróa sína hugmynd með frjálssan efnivið



4 Innra mat Árholt veturinn 2019-2020

Starfið á Árholti gekk almennt vel síðastliðinn vetur en það einkenndist af mikilli starfsmannaveltu allan veturinn á deildinni, erfitt að ráða fólk og það réði sig í stuttan tíma í einu sem hafði áhrif á aðlögun sem dróst fram í október. Mikil starfsmannavelta á yngri barna deild er erfið fyrir börnin, því stöðugt þarf að setja nýtt fólk inn í starfið og börnin að aðlagast og kynnast nýju fólki.

Mikil áhersla var lögð á að skapa notalega stemningu á morgnana þegar börnin mæta í leikskólann og taka vel á móti börnum og foreldrum.

Dagsskipulag: Í heildina gekk dagsskipulagið vel.

- **Styrkleikar:** Þegar börnin fara út fara fámennir hópar í fataklefann í einu og þá skapast ró og nægur tími fyrir sjálfshjálp og samskipti.
- **Tækifæri til úrbóta:** Tíminn eftir morgunmat þarf að skapa meiri ró og starfsfólk þarf að vera virkara að finna áhugaverð verkefni fyrir börnin.

Hópastarf:

- **Styrkleikar:** Könnunarleikurinn hefur gefist vel og hann hefur ýtt undir rannsóknarþörf barnanna þar sem að þau efla m.a. einbeitingu og skynjun.
- **Tækifæri til úrbóta:** Hreyfistund fyrir yngstu börnin að þau fari markvisst einu sinni í viku í hreyfistund.

Listasmiðja: Börnin hafa fengið frjálssari hendur með það sem að þau gera og gekk það betur þar sem að við fjölguðum starfsfólki í Listasmiðju og þá var hægt að sinna hverju barni betur. Þessar aðgerðir hafa ávinning fyrir börnin og ákveðið var að viðhalda þessu fyrirkomulagi og telst þessum umbótaþætti lokið í bili.

Frjáls leikur eftir síðdegishressingu: Starfsmenn deildarinnar ákváðu að prófa að hafa flæði í síðdegihressingunni og með því skapaðist meiri ró í frjálsa leiknum. Börnin voru þó nokkurn tíma að átta sig á þessu fyrirkomulagi en eftir nokkrar vikur þá smell þetta og vilja starfsmenn ekki snúa til baka. Börnin fara úr leik án þess að taka saman og geta svo farið að leika þar sem að þau vilja þegar þau eru búin að drekka. Þessar aðgerðir hafa ávinning fyrir börn og starfsfólk og ákveðið var að viðhalda þessu fyrirkomulagi og telst þessum umbótaþætti lokið í bili.



Umbótaþættir Árholt	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að skapa ró eftir morgunmat	Að skapa meiri ró í frjálsa leiknum eftir morgunmat	Símat yfir veturinn með skráningum	Janúar til maí 2020	Deildarstjóri	Safna gögnum	Að börnin hafi val um fjölbreyttari viðfangsefni sem vekur áhuga þeirra
innihald hreyfistunda hjá yngstu börnunum	Að innihald hreyfistundanna stuðli markvisst að eflingu líkamsþroska	Símat yfir veturinn	Janúar til maí 2020	Deildarstjóri	Safna gögnum	Að börnin upplifi gleði og ánægju af hreyfistundu m



5 Ytra mat

Á starfárinu var gerð foreldrakönnun, nokkuð góð þátttaka var í foreldrakönnuninni eða um 69% en meðaltal borgarinnar var um 68% . Heildarniðurstaða er svipuð og á síðasta ári eða 4.53 stig af 5 mögulegum og er það nokkuð á pari við aðra leikskóla Reykjavíkurborgar. Þegar niðurstöður eru skoðaðar þá hafa liðir innan hennar bætt við sig en aðrir hafa aðeins sigið. Ekki eru miklar sveiflur á milli ára en enn eru þó þættir sem við þurfum að bæta s.s að foreldrum finnst þeir ekki vera nægilega vel upplýstir um framfarir barna sinna, að leikskólinn leiti ekki nægilega mikið til foreldrar eftir tillögum og hugmyndum og að aðbúnaður væri ekki nægilega góður. Við munum leggja áherslu á þetta næsta vetur og endurskoða að vori.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og tók aðstoðarleikskólastjóri þau en skólastjórinn sat inni í viðtölum við deildarstjóra og sérkennslustjóra.
- Símenntun frá síðasta ári: Heilsuefling starfsmanna, læsi í skapandi skólastarfi, leikskólaráðstefnan.
- Við höfum þann háttinn á að skoða þau fjölmörgu tilboð af námskeiðum sem auglýst eru á hverju skólaári. Stjórnendateymi leikskólans er vakandi yfir hvaða námskeið henta starfsemi og starfsfólki leikskólans og bregðast við tilboðum þegar þau berast. Enn fremur eru starfsþróunarsamtöl greind og fræðsla ákveðin út frá þeim.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Samstarfssamningur á milli grunnskóla- og leikskóladeildar er gerður á hverju hausti og stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu með það markmið að auðvelda tilfærslur nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann. Elstu börnin í leikskólanum fara m.a. í heimsókn í fyrsta bekk, í sögustund á skólabókasafninu, á samverur hjá fyrsta bekk og fara einu sinni í viku yfir veturinn í íþróttir í íþróttasalnum. Þau heimsækja einnig Skólasel og á vormánuðum æfa þau sig að borða í matsal grunnskólans. Næst elstu börnin fara einnig í nokkrar heimsóknir yfir í grunnskólann yfir veturinn. Einnig heimsækja nemendur úr fyrsta og fjórða bekk grunnskólans leikskólann en fjórði bekkur er vinabekkur elstu barna leikskólans.
- Elstu börnin í leikskólanum og fyrsti bekkur unnu samstarfsverkefni um fiðrildi á vormánuðum, börnunum var skipt upp í hópa og voru smiðjur bæði í leikskólanum og grunnskólanum.

8 Foreldrasamvinna

- Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknun leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Við samrekin skóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Í skólaráði sitja fimmtán manns. Skólaráð fundar að jafnaði 5 sinnum á ári, fyrsta miðvikudag í mánuði anna hvern mánuð. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.



- Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum. Þessar kynningar fara fram í september.
- Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári. Annars vegar í nóvember og hins vegar í apríl.
- Í Ártúnsskóla starfar eitt foreldrafélag. Þar eru meðlimir foreldra barna í leik- og grunnskólanum. Atburðir á vegum foreldrafélagsins hafa verið m.a. jólaföndur, páskabingó, halloween ball og þrífadagur. Einnig skaffar foreldrafélagið jólasvein fyrir leitina af jólasveininum og jólaball leikskólans.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Fimm starfsdagar leikskólans eru á sama tíma og starfsdagar grunnskóladeildar Ártúnsskóla og þar af þrír sameiginlegir í hverfinu. Sameiginlegir starfsdagar í grunnskóladeildinni eru:
23. september 2019, **19. nóvember 2019**, 8. janúar e.h., **7. febrúar 2020**, 22. apríl e.h. 2020, **24. apríl 2020**. 25. maí 2020 er eini dagurinn sem er ekki sameiginlegur með grunnskóladeild Ártúnsskóla.
Feitletruðu dagsetningarnar eru sameiginlegir starfsdagar leik- og grunnskóla í Árbæ.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

10.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

10.4 Fylgiskjal 4 – Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2018-2019

10.5 leikskóladagatal leikskóladeildar Ártúnsskóla

Reykjavík 18. desember 2019

F.h. Leikskóladeildar Ártúnsskóla

Rannveig Andrésdóttir skólastjóri

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	0	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	6	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Var á umbótaáætlun fyrir seinasta skólaár, náðist ekki að klára og verður því áfram á umbótaáætlun þetta skólaár.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	Var á umbótaáætlun fyrir seinasta skólaár, náðist ekki að klára og verður því áfram á umbótaáætlun þetta skólaár.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



Niðurstöður innra mats

Innra mat sérkennslunnar er metið út frá niðurstöðum ytra mats haustið 2018.

Gerð einstaklingsnámskráa: Vel hefur gengið að kynna einstaklingsnámskrár fyrir deildum og byrja vinna með þær.

- **Styrkleikar:** Áhugi fyrir meira samstarfi við gerð einstaklingsnámskráa og notkun þeirra inn á deildum. Starfsfólk inni á deild kemur meira að gerð einstaklingsnámskráa en áður.
- **Tækifæri til umbóta:** Betur mætti fara í að endurskoða einstaklingsnámskrár, að hún sé lifandi plagg sem er í stöðugu endurskoðun.

Við ætlum því að breyta þessu umbótaþætti í endurskoðun einstaklingsnámskráa.

TRAS skráning: Nokkuð vel hefur gengið að gera skráninguna markvissari og gott samstarf er á milli sérkennslustjóra og deildarstjóra með skráningu.

- **Styrkleikar:** Búið að gera lista til að flýta fyrir ferli skráningar. Allir árgangar komnir í skráningu.
- **Tækifæri til umbóta:** Halda áfram á sömu braut, hafa markvissa skráningu og halda áfram að kynna TRAS skráningu fyrir starfsfólki og til hvers skráning er gerð.

Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum: Ekki náðist að vinna með þennan þátt.

- **Styrkleikar:** Þessi þáttur hefur verið ræddur á milli stjórnenda, áhugi fyrir hendi að byrja vinna að áætlun.
- **Tækifæri til umbóta:** Halda áfram með þennan þátt. Ákveðið var að skipta þessum umbótaþætti niður í tvo þætti til að einfalda vinnslu.

Við ætlum því að halda áfram með þennan umbótaþátt.



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Áætlun um Málörvun í leikskólanum	Búa til áætlun um málörvun fyrir leikskólann	Rýnt í eigið starf. Skrá niður ferli. Leikskólastjóri Sérkennslustjóri og deildarstjóra r funda	Janúar 2020 og lokið í júní 2020	Sérkennslustjóri og stjórnendur	Rýnihópur/fundir	Að áætlun sé tilbúin og starfsfólk fái kynningu um hana.
Áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum	Búa til áætlun um snemmtæka íhlutun fyrir leikskólann	Rýnt í eigið starf. Skrá niður ferli. Leikskólastjóri Sérkennslustjóri og deildarstjóra r funda	Janúar 2020 og lokið í júní 2020	Sérkennslustjóri og stjórnendur	Rýnihópur/fundir	Að áætlun sé tilbúin og starfsfólk fái kynningu um hana.
Að endurskoða einstaklingsnám skrár barna í leikskólanum	Endurskoðun einstaklingsnám skráa	Sérkennslustjóri mæti reglulega (ca. 8 vikna frelsi) á deildafundi þar sem börn eru með stuðning	Skólaár 2019-2020	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Fundir.	Að einstaklingsnám skrá barns með sérstakan stuðning sé endurmetin reglulega (á ca. 8 vikna fresti).



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Sérkennslustjóri er tengiliður fjölmenningar í leikskólanum. Sérkennslustjóri hefur jafnframt yfirumsjón með íslenskukennslu tvítyngdra barna.

Sérkennslustjóri sest niður með deildarstjórum að hausti til að ræða tvítyngd börn, hvar þau eru stödd í íslenskunni og félagslega og þá hvort þau þurfi auka stuðning. Í framhaldi er raðað í málörvunarhópa. Markviss vinna fer fram bæði einstaklingslega og í hópum. Sérkennslustjóri og deildarstjórar fara yfir framfarir barnanna reglulega yfir veturinn. Stuðst er við „einn leikskóli – mörg tungumál“, þó að í vetur er ekki búið að fara fram markviss vinna í að skrá niður framfarir hjá tvítyngdum börnum.

Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks er ekki markviss, en samt til staðar, við höfum aðeins komið inná umræðu um fjölmenningu á starfsmannafundum en þurfum að koma því meira í umræðuna hjá okkur.

Á hverri deild eru fánar barnanna sýnilegir, þeir kynntir fyrir börnunum og af hverju við erum með mismunandi fána inn á deildum. Einnig eru í boði fánar t.d. með plúskubbum til að hafa sem fyrirmynd. Við hlustum á lög á ýmsum tungumálum, þá t.d. á þeim tungumálum sem börn tala í leikskólanum.

Leikskólinn fékk til ráðstöfunar fjármagn fyrir fjölmenningu. Við keyptum m.a. púsluspil með heimskorti og fánum, púsluspil með orðum á ensku, ýmis spil til að nota í málörvun og fleiri málörvunar verkefni/spil.

Unnið er að sömu markmiðum á öllum aldurstigum hjá tvítyngdum börnum eins og hjá öðrum börnum leikskólans að teknu tillit til stöðu þeirra í námi og íslensku getu þeirra. Leitast er við að brúa bilið á milli málþroska þeirra í móðurmáli þeirra og íslenskunni. Unnar eru einstaklingsáætlanir fyrir þau börn sem það á við. Námsfni og kennsluaðferðir er aðlagð til að efla orðaforða, málskilning og lesskilning. Notast er við myndmál og áþreifanlega hluti til að efla orðaforða og skilning.

Foreldrar leikskólabarna gegna mikilvægu hlutverki í málþroska og málnotkun barna sinna. Þeir eru fyrirmyndir í tungumálinu, málnotkun og lestrarvenjum. Nauðsynlegt er að lesa reglulega fyrir börn sín og ræða saman um innihald bókarinnar. Foreldrar eru hvattir til að lesa á sínu móðurmáli fyrir börnin. Foreldrar þurfa að viðhalda jákvæðu viðhorfi til bóka og lestrar og sjá til þess að eiga gæða lestrarstundir með börnum sínum.



Foreldrar eru upplýstir um það fjölmenningar starf sem er í boði á vegum leikskólans og SFS, þá með því að senda tölvupóst á foreldra og hengja upp veggspjöld.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Sjónrænt skipulag. Fánaar allra þjóða leikskólans. Hlusta á tónlist frá mismunandi löndum. ... Foreldrasamvinna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Sjónrænt skipulag. Tala við börnin – setja orð á allar athafnir. Hlutverkaleikur. Fara inn í leikinn með börnunum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Tala við börnin – setja orð á allar athafnir. Lestur bóka og ræða og útskýra orð í þeim. Vinna með þemu í hópastarfi.. Læra vísur og söngtexta. Hvetja þau til þess að biðja um það sem þeim vantar. ...
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	TRAS, AEPS, hljóm-2 hjá elstu börnunum. Einn leikskóli, mörg tungumál.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Í samverustundum, hópastarfi, útiveru... Börn sem þurfa eru tekin í málörvun í litlum hópum. Framfarir metnar með t.d.: TRAS. Hljóm-2 hjá elstu börnum. Gátlisti fyrir foreldraviðtöl.

Niðurstöður innra mats



Umbótaþættir Annað móður. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Áætlun um móttöku erlendra barna	Að búa til áætlun um móttöku erlendra barna	Rýnt í eigið starf. Skrá niður ferli. Leikskólastjó ri SérkennsluSt jóri og deildarstjóra r funda	Janúar /maí 2020	Sérkennslustjóri og stjórnendur	Rýnihópur/ fundir	Að áætlun sé tilbúin og starfsfólk þekki hana.



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020 Leikskóladeild Ártúnsskóla

Umsögn foreldraráðs

Drög að endurskoðaðri starfsáætlun leikskóladeildar Ártúnsskóla voru kynnt skólaráði 6. nóvember 2019. Engar athugasemdir komu þar fram.

Foreldraráð Ártúnsskóla skipa:

Rannveig Andrésdóttir - skólastjóri

Ellen Gísladóttir - fulltrúi stjórnenda

Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir - fulltrúi leikskólakennara

Edda Júlía Helgadóttir - fulltrúi grunnskólakennara

Bárður Steinn Jóhannesson - fulltrúi starfsmanna

Hanna Sóley Helgadóttir - fulltrúi frístundar

Guðmundur Páll Friðbertsson - fulltrúi foreldra

Helga Tryggvadóttir - fulltrúi foreldra

Guðrún Ásgeirsdóttir - fulltrúi foreldra

Árný Þórarinsdóttir - fulltrúi foreldra

Helga Guðrún Snjólfisdóttir - fulltrúi foreldra

Lára Sigríður Lýðsdóttir - fulltrúi foreldra

Brynja Kristín Guðbrandsdóttir - fulltrúi nemenda

Pétur Hlíðar Hauksson - fulltrúi nemenda



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



